



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 15. mars 2002
53/199/SS/ajr

Umsögn Læknafélags Íslands um þingsályktunartillögu um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233 mál.

Hér er um tímabært og mjög þarft mál að ræða. Í greinargerð kemur fram helsti rökstuðningur fyrir því að fram fari endurskoðun og mótun heildarstefnu um uppbyggingu og meðferðarstofnana á sviði áfengis- og vímuefna meðferðar. Meginmarkmið þingsályktunartillögunnar er að stuðla að markvissara starfi til þess að auka skilvirkni meðferðar og að um leið sé gætt hagkvæmni í nýtingu þeirra fjármuna sem fara til málaflökksins.

Í greinargerðinni er m.a. vakin athygli á því að á umræddu sviði séu starfandi mismunandi meðferðarstofnanir, sem sumar teljist til heilbrigðisstofnana en aðrar ekki. Einnig er vakin athygli á því að takmarkaðar upplýsingar séu til um árangur meðferðar og ljóst sé að leggja verði aukna áherslu á árangursmat hinna ýmsu meðferðarstofnana og meðferðarúrreða til að tryggja sjúklingum sem bestan árangur og jafnframt hagkvæmni í rekstri. Stefna þurfi áfram að því að bæta árangur meðferðar.


Í greinargerðinni er einnig vakin athygli á því, að opnuð hefur verið ný unglिंगadeild á Sjúkrahúsinu á Vogu og þar með bætt aðstaða til meðferðar barna- og unglinga, sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Ennfremur er vakin athygli á því að komið hefur verið á virku samráði og samstarfi (þjónustusamningi) milli barna- og unglिंगageðeildar Landspítala háskólasjúkrahúss, Barnaverndarstofu og SÁÁ. Þá hefur Forvarnasjóður styrkt ýmis forvarna- og meðferðarverkefni á þessu sviði.

Vert er að geta þess að geðsvið LSH hefur á s.l. þremur árum stofnað til samstarfs um fræðilegar rannsóknir á áfengis- og vímuefna meðferðardeildum SÁÁ og LSH. Niðurstöður fyrsta verkefnis hafa þegar birst í erlendu fagtímariti og önnur grein bíður prentunar. Nú er u.þ.b. að ljúka umfangsmiklu rannsóknarverkefni sem 540 sjúklingar hjá SÁÁ og á geðsviði LSH hafa tekið þátt í s.l. ár. Það verkefni leitast fyrst og fremst við að rannsaka ástæður einstaklinga fyrir innlögnum á framangreindar deildir svo og þætti sem hugsanlega hafi forspárgildi um árangur meðferðar. Í vor er fyrirhugað stutt rannsóknarverkefni sem hefur verið þróað í nokkrum Evrópulöndum og tekur mið af mismunandi menningu einstakra landa. Ætlunin er að rannsaka hvort neyslumynstur áfengis- og vímuefnasjúklinga á Íslandi sé á einhvern hátt frábrugðið því sem gerist í ýmsum öðrum Evrópulöndum. Í haust er ráðgert að hefja framskyggna rannsókn á árangri meðferðar á nefndum meðferðardeildum.

Eftirspurn eftir meðferð vegna ávana- og vímuefnaneyslu er umtalsverð hérlendis og er rannsóknarverkefnum hér að framan ætlað að leita upplýsinga og þekkingar um þau atriði. Ljóst er og á það hafa m.a. erlendir sérfræðingar bent, að hérlendis vantar verulega á samræmingu og samstarf meðferðarstofnana. Auka þarf virkt samráð aðila og samstarf sem miðar m.a. að því að tryggja sjúklingum að faglegt mat liggi til grundvallar ákvörðun um eðli og umfang meðferðar. Til þess þarf að koma á nánara samstarfi milli aðila, semja um verkaskiptingu, skilgreina inntökuskilmerki og mat á

árangri. Síðast en ekki síst þarf að auka umræðu í samfélaginu um hlutverk meðferðarstofnana á þessu sviði þannig að væntingar til þeirra séu raunhæfar á hverjum tíma. Er framkomin tillaga að þingsályktun um skipan nefndar um heildarstefnu varðandi uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana mjög tímabær.

Virðingarfyllst
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogur

Sími/Tel.: (354) 564 4100
Fax: (354) 564 4106

Kt.: 450269-2639
Netfang/e-mail: icemed@icemed.is